

varnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. júní 1971.

Nr. 64/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
 gegn

Jóhanni Guðjónssyni

(Jón Hjaltason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Sigmundur Böðvarsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Angantýr Elíasson og Einar Guðmundsson skipstjórar hafa kveðið upp héraðsdóminn.

Í Hæstarétti hafa verið lögð fram nokkur ný gögn, m. a. vottorð bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, þar sem segir, að m/b Hannes Lóðs sé 64.61 rúmlest að stærð.

Um skráningu bátsins segir svo í bréfi Siglingamálastofnunar ríkisins, dags. 6. apríl s.l., til héraðsdómara:

„Að ósk yðar í símtali í dag varðandi skrásetningu m.s. „HANNES LÓÐS“ VE 7 (áður RE 15) á aðalskipaskrá skal þetta upplýst:

Þann 29. des. 1970 er undirrituð hér beiðni um skráningu skips á aðalskipaskrá, sem fylgir hér með í ljósriti. Í janúar s.l. barst svo hingað þinglýst afsal til handa nýjum eiganda.

Þessi skráningarskjöl eru hér ennþá, því ekki hefur unnizt tími til að mæla skipið upp, eins og lög mæla fyrir um, þegar eigendaskipti verða á skipum og bátum, og skipsskjöl

hafa þess vegna ekki verið gefin út handa m.s. „HANNES LÓÐS“, VE 7.

Það skal tekið fram, að venja er að leyfa skipseigendum að mála nafn og númer á báta sína, ef um breytingar er að ræða, þegar öll skráningarskjöl eru komin til Siglingamálastofnunarinnar, eins og hér á sér stað vegna „HANNES LÓÐS“.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á mælingum varðskipsmanna 6. apríl s.l. og markað á sjóuppdrátt staði varðskipsins og m/b Hannesar Lóðs, VE 7, eftir þeim mælingum. Í álitgerð skólastjórans, dagsettri 14. maí 1971, segir svo:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra saksóknari ríkisins, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 32 staðarákvarðanir varðskipsins Þórs, eins og um getur í hæstaréttarmálinu nr. 876/1971 (sic): Ákærvaldið gegn Jóhanni Guðjónssyni, skipstjóra á m/b Hannesi Lóðs, VE 7.

Staðir varðskipsins eru auðkenndir með svörtum lit, en staðir bátsins með rauðum lit.

Í kortinu eru:

- A = staður varðskipsins kl. 1126 h. 6/4 '71. Þá mælist báturinn á stað *a* um 2,1 sml. frá landi, eða um 0,9 sml. innan bannsvæðismarkanna fyrir togveiðar.
- B = staður varðskipsins kl. 1132. Þá mælist báturinn á stað *b* um 0,7 sml. innan bannsvæðismarkanna.
- C = staður varðskipsins kl. 1138. Þá mælist staður bátsins á stað *c* um 0,2 sml. innan bannsvæðismarkanna.
- D = staður varðskipsins kl. 1149 við hlið bátsins. Staður *D* mælist um 0,25 sml. utan bannsvæðismarkanna.

Hraði bátsins miðað við fjarlægðir milli mælistaða reiknast mér þannig: *a*—*b* um 5,8 sml., *b*—*c* um 5,0 sml. og *c*—*D* um 3,6 sml., og er þar miðað við tímann frá kl. 1138—1146, þegar varðskipsmenn sáu poka bátsins koma inn. Á þessum tíma hefur báturinn dregið inn vörpuna, svo hraðinn hefur samkv. því verið nokkru meiri, þar til hann byrjaði að hala inn vörpuna.

Þó reiknað væri með þeirri fjarlægðarskekkju og miðunarskekkju bátnum í hag, sem framleiðendur ratsjár varðskipsins viðurkenna, mundi það gefa stað bátsins við staðar-ákvarðanir a, b og c mest 0,1 sml. utar“.

Samkvæmt gögnum málsins er sannað, að ákærði hafi verið að ólöglegum botnvörpuveiðum á greindum báti innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem í máli þessu greinir. Varðar brot ákærða við lagaboð þau, er í ákæru getur.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 1. þ. m., jafngilda 100 gullkrónur 3.992.03 seðlákronum.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jóhann Guðjónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og laun skipaðs verjanda síns í Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt atvikum málsins og svo því, að um er að tefla ítrekað brot ákærða, er refsing hans með tilliti til núverandi gullgildis íslensku krónunnar hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 30 daga varðhald

í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þar sem ekki er sannað, að ákærði hafi framið brot sitt af ásettu ráði, verður honum ekki auk fésektar dæmd varðhaldsvist samkvæmt 6. gr. laga nr. 62/1967. Er þessi niðurstaða í samræmi við dómvæningu Hæstaréttar áratugum saman.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Guðjónsson, greiði 60.000 króna sekt í Landhelgisjóð Íslands, og komi 30 daga varðhald í stað sektar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 8. apríl 1971.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákæruvaldsins hálfu höfðað með ákæru, útgefinni af saksóknara ríkisins í dag, á hendur Jóhanni Guðjónssyni, Vallartúni við Austurveg, Vestmannaeyjum, skipstjóra á vélbátnum Hannesi Lóðs, RE 15, en nú auðkenndum á báðum bógum bátsins umdæmisstöfum og tölum VE 7 samkvæmt munnlegri heimild starfsmanns Siglingamálastofnunar ríkisins, fyrir að hafa gerzt sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 um breyting á þeim lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa verið á botn-

vörpuveiðum á nefndum báti, sem er 64 brúttórúmllestir að stærð, um hádegi þriðjudaginn 6. apríl 1971 út af Vík í Mýrdal á svæði innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. áðurgreindrar reglugerðar, þar sem botnvörpuveiðar eru með öllu bannaðar, sbr. einkum D1 og D2 liði 2. gr. nefndra laga nr. 21/1969, sbr. þau lög að öðru leyti og reglugerðir um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 3/1961, 87/1958, 4/1961 og 29/1964 og auglýsingu nr. 4/1961.

Í ákæru er nefndur Jóhann Guðjónsson ákærður til að sæta refsingu samkvæmt 1. mgr. 4. gr., nú 5. gr., nefndra laga nr. 62/1967, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, og upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, Jóhann Guðjónsson, er fæddur 4. september 1942 á Fáskrúðsfirði og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir, svo kunnugt sé:

1964 21/8 í Vestmannaeyjum: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1966 19/3 í Vestmannaeyjum: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1966 13/6 í Vestmannaeyjum: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1970 10/5 í Vestmannaeyjum: Dómur: 40 þúsund kr. sekt fyrir brot á 1. mgr. 4. gr. laga nr. 62/1967, sbr. nú 5. gr. laga nr. 21/1969, sbr. reglugerð nr. 3/1961. Afli og veiðarfæri m/b Þrists, VE 6, gerð upptæk.

Í skýrslu skipherra á varðskipinu Þór, Helga Hallvarðssonar, dags. 6. þ. m., segir svo:

„Þriðjudaginn 6. apríl 1971 tók varðskipið m.b. HANNES LÓÐS, VE 7, að meintum ólöglegum veiðum innan þriggja sjómílna fiskveiðimarkanna út af Vík í Mýrdal. Skipstjóri Jóhann Guðjónsson, fæddur 4. september 1942 á Fáskrúðsfirði, til heimilis að Vallartúni, Vestmannaeyjum.

Nánari atvik voru sem hér segir:

Þriðjudaginn 6. apríl 1971, er varðskipið var við eftirlitsstörf undan Hjörleifshöfða, sást bátur grunsamlega nærri landi og hafði stefnu skáhallt út. Var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun:

Kl. 11.26 miðast báturinn r/v 278°5, fjarl. 5.7 sml.

Hjörleifshöfði, fjarl. 4.3 sml.

Reynisdrangar, fjarl. 10.0 sml.,

sem gefur stað bátsins 2.1 sml. frá landi.

Kl. 11.32 miðast báturinn í r/v 278°, fjarl. 4.1 sml.

Hjörleifshöfði, fjarl. 4.0 sml.

Reynisdrangar, fjarl. 9.0 sml.,

sem gefur stað bátsins um 2.25 sml. frá landi.

Kl. 11.35 virtist báturinn halda beint út.

Kl. 11.38 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun á bátnum:

Báturinn

Dyrhólaeyjarviti 15°32', fjarl. 2.8 sml.

Hjörleifshöfði, fjarl. 3.9 sml.

Reynisdrangar, fjarl. 7.8 sml.,

sem gefur stað bátsins um 2.8 sml. frá landi.

Kl. 11.46 sást poki bátsins koma inn og menn á þilfari og á bakka. Um svipað leyti sást, að báturinn var HANNES LÓÐS, VE 7.

Kl. 11.49 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið bátsins, sem var með hlera á stb. síðu og net í sjó:

Dyrhólaeyjarviti

Hatta 30°36'

Hjörleifshöfði 69°28'

Dýpi 48 metrar,

sem gefur stað bátsins um 3.25 sml. frá landi.

Fór III. stýrimaður varðskipsins ásamt háseta yfir að bátnum og sótti skipstjóra hans.

Kl. 12.14 kom skipstjóri bátsins um borð í varðskipið. Viðurkenndi hann mælingar varðskipsmanna, en sagðist ekki hafa talið sig fyrir innan. Aðspurður sagðist hann hafa togað SA-togstefnu, þar til hann sló úr blökkinni. Var skipstjóranum sagt að fylgja varðskipinu til Vestmannaeyja, þar sem mál hans yrði tekið til frekari rannsóknar. Var skipstjórinn síðan fluttur yfir í skip sitt.

Veður: V-4, sjór V-3-4, léttskýjað.

Mælingar voru gerðar af I., II. og III. stýrimanni undir umsjá skipherra, með Kalvin Hughes 14/9 ratsjá, sperry gyróáttavita og sextöntum.

Með skýrslu þessari fylgir úrklippa úr sjókorti nr. 32, þar sem staðir varðskipsins og bátsins eru markaðir“.

Skipherra varðskipsins, Helgi Hallvarðsson, Melgerði 26 A, Kópavogi, 39 ára að aldri, kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja og staðfesti skýrslu sína með eiði, sem hann kvaðst hafa samið í samráði við stýrimenn sína. Þá kvaðst skipherra hafa sett staðarákvarðanir skipanna út í sjókortið á rskj. nr. 2 ásamt 1. og 2. stýrimanni. Einnig kom fyrir dóm 1. stýrimaður varðskips-

ins, Ásgrímur Ásgeirsson, Holtsgötu 21, Reykjavík, 48 ára að aldri, 2. stýrimaður varðskipsins, Friðgeir Olgeirsson, Hraunbæ 192, Reykjavík, 34 ára að aldri, og Sigurður Steinar Ketilsson, 3. stýrimaður varðskipsins, Hringbraut 75, Hafnarfirði, 23 ára að aldri, báru vætti og unnu eið að framburðum sínum. Kvaðst 1. stýrimaður hafa tekið þátt í öllum staðarmælingum, sem getur á rskj. nr. 1. 2. stýrimaður kvaðst hafa samið skýrsluna á rskj. nr. 1 ásamt skipherra og hafa sett út í sjókortið á rskj. nr. 2, og 3. stýrimaður kvaðst hafa tekið þátt í 3. staðarmælingunni og sett sextantmælinguna út í vinnukort. Allir kváðu stýrimennirnir skýrsluna á rskj. nr. 1 rétta.

Er ákærði kom fyrir sakadóm Vestmannaeyja, kvaðst hann eigi hafa sett staðarmælingar á báti sínum út í kort í umrætt sinn, en radar bátsins hafi aldrei sýnt bátinn innan þriggja mílna markanna. Ákærði kveðst hafa litið í radarinn í bátnum, áður en hann fór yfir í varðskipið, og hafi radarinn þá sýnt 3.3 sml. í land. Ákærði kveðst hafa verið að hífa inn pokann, er varðskipið kom að bátnum. Ákærði kvaðst hafa kastað kl. um 1000 hinn 6. þ. m., en eigi vissi hann, hvar hann kastaði. Kvaðst hann hafa kastað í VNV, beygt í stjórn fljótlega, en togað síðan í u. þ. b. 2 klst. í SA og lét út 175 faðma. Toghraða bátsins kveður hann vera allt að 3 sml/klst. Eigi kveðst ákærði hafa tekið dýpi, er kastað var, en það var um 30 faðmar, er varðskipið kom að bátnum. Ákærði kvaðst á tímabilinu kl. 1126 til kl. 1149 umræddan dag hafa verið á SA togi og hafi hann reynt að halda sér rúmum 3 sml frá landi og hafi hann togað með 3 sml-línunni. Er varðskipið kom að bátnum, hafi ákærði þegar híft inn einn poka og var þá að hífa inn annan.

Samkvæmt álitni hinna sérfróðu meðdómsmanna er toghraði bátsins ekki óeðlilegur milli punkta 1—4, sem settir eru út í sjókortið á rskj. nr. 2, sbr. rskj. nr. 1, og þar eð ákærða hefur eigi tekizt að hrinda eiðunnum vættum yfirmanna varðskipsins um staðarmælingar á m/b Hannesi Lóðs, VE 7, í umrætt sinn og þar eð ákærði hefur viðurkennt að hafa verið að veiðum í umrætt sinn, telur dómurinn sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um brot það, er í ákæru greinir og þar er rétt fært til lagaákvæða, og unnið til refsingar samkvæmt því, og þykir refsing ákærða hæfilega metin tveggja mánaða varðhald og kr. 40.000.00 í sekt, er renna skal í Landhelgissjóð Íslands, enda komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna.

Samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, sem er

rskj. nr. 3 í máli þessu, var verðmæti veiðarfæra m/b Hannesar Lóðs, VE 7, í umrætt sinn kr. 28.300.00 og verðmæti afla kr. 40.421.50, og er hvort tveggja gert upptækt, og skal andvirðið renna í Landhelgissjóð Íslands.

Ákærði skal greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákærði Jóhann Guðjónsson, sæti varðhaldi í 2 mánuði og greiði kr. 40.000.00 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa að telja, en sæti ella 20 daga varðhaldi í stað sektarinnar.

Allur afli og veiðarfæri m/b Hannesar Lóðs, VE 7, að verðmæti kr. 68.721.50, eru gerð upptæk til Landhelgissjóðs Íslands. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júní 1971.

Nr. 203/1970. Gunnar Pálmason

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Guðmundi Ákasyni og

(Áki Jakobsson hrl.)

Óskari Jóni Guðjónssyni og til réttargæzlu Ólafi Ásgeirssyni, Gjaldheimtunni í Reykjavík og Þorvarði Ólafssyni (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með gagnáfrýjunarstefnu 9. nóvember 1970. Stefndi Guðmundur Áka-